

223

30. des.

REGLUGERÐ

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Ísafjarðarkaupstað, nr. 100 10. ágúst 1955.

1. gr.

Lestagjald, samkvæmt 31. gr. reglugerðarinnar, hækki um 30%.

2. gr.

Í stað orðsins „ljósgjald“, í yfirskrift og í b-lið 32. gr. reglugerðarinnar, komi: vitagjald.

1. málsg. 32. gr. orðist svo: Öll skip, sem eiga að greiða lestagjald, skulu samtímis greiða vitagjald þannig:

Vitagjald, samkvæmt 32. gr. reglugerðarinnar, hækki um 50%.

3. gr.

Bryggjugjald, samkvæmt 33. gr. reglugerðarinnar, og bátahafnargjöld, samkvæmt 34. og 35 gr., hækki um 50%.

4. gr.

Hafnsögugjald, samkvæmt 37. gr. reglugerðarinnar, hækki um 30%.

5. gr.

Vörugjöld, samkvæmt 43. gr. reglugerðarinnar, hækki um 50%, með þeirri undantekningu, að vörugjald af olíu (fuel) í 2. flokki, af steinolíu og hráolíu í 6. flokki, og af benzíni í 7. flokki, hækkar um 25%, og vörugjald af hverri kind í floknum ýmislegt, lækkar í kr. 2.00.

Reglugerð þessi staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 30. desember 1960.

Emil Jónsson.

Brynj. Ingólfsson.

224

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Frederiks konungs Áttuna árið 1959.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tið. 1959 B., bls. 396).		
a. Söfnunarsjóðsinnstæða	kr. 28032.62	
b. Bankainnstæða	— 11632.49	
2. Vextir:		kr. 39665.11
a. Af Söfnunarsjóðsinnstæðu	kr. 1569.83	
b. — bankainnstæðu	— 559.55	
		2129.38

Kr. 41794.49